

- 38 tillögum Landssambands iðnaðarmanna, fyrirmæli um það, hversu haga skuli veitingu starfsréttinda í hinni nýju iðngrein, þangað til fylgt geti orðið almennum ákvæðum þessarar reglugerðar.

## 32. gr.

Nú fatlast iðnnemi andlega eða líkamlega, meðan á námstíma stendur, eða hefur þegar fatlast þannig þegar þessi reglugerð öðlast gildi, að hann telst ekki fær um að leysa af hendi sveinspróf, en telst þó fullgildur verkmaður í sumum greinum iðnarnar, og skal þá iðnráðið í Reykjavík, og utan Reykjavíkur Landssamband iðnaðarmanna, gera tillögur til ráðuneytisins um það, hvort veita megi hlutaðeiganda réttindi til að stunda iðnina, án réttar til meistarabréfs og tekur ráðuneytið ákvörðun um það, að fengnum þeim tillögum.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. maí 1941 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni, sett 31. desember 1928.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. marz 1941.*

**Jakob Möller.**

*Vígfús Einarsson.*

39

## REIKNINGUR

árið 1940 fyrir Markaðs- og verðjöfnunarsjóð, stofnaður samkvæmt lögum nr. 75 29. desember 1934.

Höfuðstóll:

Eign frá f. á. samkvæmt birtum reikningi ..... kr. 3964.69

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðu á árinu 1940 ..... kr. 153.82

Kr. 4118.51

Eign í árslok 1940 ..... kr. 4118.51

F. h. stjórnar Markaðs- og verðjöfnunarsjóðs.

Reykjavík, 10. janúar 1940.

**Stefán Þorvarðsson.**